

Ríkisstjórn Noregs hefur af hópi vísindamanna verið ákærð fyrir glæpi gegn mannkyninu með því að hafa „skipulagt falskan faraldur.“

Í þriggja síðna ákæru til lögreglustjóra Álasunds sem er undirskrifuð af Kenneth Otterlei eru talin upp nöfn ákærðra eins og Ernu Solberg forsætisráðherra Noregs, og Bent Høye, heilbrigðisráðherra.

Þá er einnig ríkisstjórnin í heild kærð sem og Stórþingið og stofnanir eins og norska lýðheilsan FHI ásamt nokkrum alþjóðlegum stofnunum eins og CEPI, WHO og GPMB.

Afrit af kærinni hefur einnig verið sent til Nürnberg og Haag og hún einnig gerð opinber til helstu samtaka, allra sveitarfélaga, lækna, smitvarnalækna, lögmannafélaga og mannréttindasamtaka. Kærinni verður dreift á öllum hugsanlegum samfélagsmiðlum og í heimspressunni.

Hópur vísindamanna í samvinnu við lögfræðinga og málsvara hefur unnið í marga mánuði að undirbúningi ákæra eins og þessari undir forystu þýska lögfræðingsins Dr. Reiner Fuellmich.

Helstu kærutriðin

- Sannanir með eigin gögnum / skjölum og tölum frá FHI um að ríkisstjórnin tekur þátt í alþjóðlega skipulögðum fölskum heimsfaraldri.
- Brot á alþjóðalögum og mannréttindum.
- Brot á skilgreiningu framkvæmdastjórnar ESB á mannréttindum og þvingunarreglum.
- Brot á reglum Nürnberg og Haag um grundvallarmannréttindi.
- Brot á á mörgum greinum stjórnarskrár Noregs.
- Landslög brotin, föðurlandssvik að afsala fullveldi

Í kærinni segir enn fremur að ríkisstjórn Noregs brjóti í bága við nokkur ákvæði „hegningarlaga, 17. kafla um Verndun sjálfstæðis Noregs og annarra grundvallarhagsmuna þjóðarinnar“, með því að skapa vísvitandi falsfaraldur með afleiðingum fyrir fólk og geðheilsu, heilbrigðisþjónustu, mannréttindi og einnig með því markmiði að afsala fullveldi Noregs til erlends valds (föðurlandssvik).

Þá segir í kærinni að skilgreiningu á hugtakinu farsótt hafi verið breytt til að geta framkvæmt lokanir. Spurt er: „Hvað varð um árstíðarbundna influensu?“

Greint er frá brotum á mannréttindum með þvingandi aðgerðum eins og bólusetningu, að lögreglu og her er misbeitt við lokunaraðgerðir, áætlanir um vegabréf til bólusettra sem takmarkar frelsi og atvinnutækifæri þeirra sem ekki eru bólusettir m.m. Sönnunargögnin sem fylgja eru sögð traust, þar sem þau koma aðallega frá opinberum aðilum sjálfum eins og Lýðheilsu Noregs og WHO.

„Ég legg fram kærana til að bjarga mannlífum“

Í lokaorðum kærunnar skrifar Otterlei: „Ég geri ekki ráð fyrir að kæra verði lögð fram af öðrum. Þess vegna finn ég mig knúinn að taka þetta skref, þrátt fyrir mikla persónulega áhættu, þar sem það er skylda mín og annarra að bjarga lífum. Þess vegna var þessi kæra lögð fram.“

Hvetur Otterli embættismenn til að þjóna fólkinu: „Veltu því vandlega fyrir þér, hverjum þú átt raunverulega að þjóna, það er fólkið!“

Með kærri kveðju  
Kenneth Otterlei  
6260 Stette Skodje.